

um frv. til l. um skólakostnað.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Frumvarp þetta er undirbúið af sjö manna stjórnskipaðri nefnd. Sú nefnd þurfti þó að skila ráðherra frumvarpinu ófullgerðu, skv. ósk hans. Síðan skipaði ríkisstjórnin nýja nefnd, fimm manna, til að endurskoða frv. frá hinni nefndinni.

Í frv. þessu eru ýmis ákvæði til bóta, en önnur til hins verra. Áætlanir til langs tíma um byggingarframkvæmdir, fyrirætlanir um styttri byggingartíma skólamannvirkja, ráðstafanir til samstöðu sveitarfélaga um einn heimavistarskóla o. fl. eru framfarir frá því, sem nú er.

Um ýmis önnur ákvæði frv. er mikil óvissa, hvernig reynast muni í framkvæmd. Má þar nefna nýjar reglur um skiptingu stofnkostnaðar skólamannvirkja milli bæjar- og sveitarfélaga annars vegar og ríkissjóðs hins vegar. Enga örugga vitneskju er unnt að fá um það fyrir fram, hvorum aðilanum þessar reglur verða til hagsbóta. Þá eru ákvæði frv. um launagreiðslur svo flóknar og torskildar, að jafnvel höfunda frv. greinir á um, hvernig skilja beri. Af þessu og mörgu fleira leiðir, að ekki verður séð, fyrr en reynslan sker úr, hvernig rekstrarkostnaður hvers einstaks skóla skiptist milli sveitarfélags og ríkissjóðs. Höfundar frv. segja, að við það sé miðað í frv., að greiðslubyrðin í heild og hvors aðila um sig, ríkissjóðs og sveitarfélaga, „haldist nokkurn veginn óbreytt“, en þeir játa líka, að erfitt sé að sýna þetta með tölum „nema með mjög ítarlegri og umfangsmikilli rannsókn“. Eitt er víst, að þessi rannsókn hefur ekki farið fram. Aftur á móti liggja fyrir upplýsingar um það, að hluti sveitarfélaga í rekstrarkostnaði flestra skóla barna- og gagnfræðastigs hefur vaxið mikið, t. d. heimavistarskóla um 21.4%, heimangönguskóla um 49.7% og farskóla um 85.8% á árunum 1956—1964, en nýrri skýrslur eru ekki fyrir hendi. Ekki á þetta frv. að leiðrétta greiðsluhlutföllin, sem þannig hafa orðið sveitarfélögum í óhag.

Þá eru í frv. ýmis ákvæði, sem minni hl. menntmn. telur óviðunandi. Má þ. á m. nefna eftirfarandi:

1. Stofnkostnaði skóla á að skipta milli ríkissjóðs og sveitarfélaga eftir áætluðum kostnaði, að viðbættu álagi skv. byggingarvísitölu. Reynist kostnaðurinn meiri, skal sveitarfélagið greiða það, sem fram yfir er.
2. Sjö héraðsskólar í landinu eru nú ríkisskólar, og allur stofnkostnaður þeirra svo og rekstrarkostnaður er að sjálfsgöðu greiddur úr ríkissjóði. Samkv. frv. eiga sveitarfélög þeirra nemenda, er nám stunda í þessum skólum, að greiða þann hluta rekstrarkostnaðarins, sem sambærilegur er hluta sveitarfélags í öðrum gagnfræðaskólum. Hagnaður byggðarlaga, er gáfu ríkissjóði skólana að sínum hluta skuldlausu og kvaðalaus 1962, til þess að ríkið annaðist reksturinn, á þá ekki að standa lengi.
3. Ráðherra á að fá heimild til að fresta greiðslu fjárveitinga til byggingar skólamannvirkja, jafnvel þótt ekkert skorti á það, að fjárveitingar nægi til að ljúka byggingu á þremur árum, ef hann telur fénu betur varið til annarra skólabygginga. Þannig á ráðherra að geta tekið fram fyrir hendur Alþingis. Hér skulu ekki nefnd fleiri dæmi af þessu tagi.

Frv. þessu var vísað til menntmn. viku fyrir páskaleyfi þingmanna. Athugun n. á frumv. hefur því orðið að fara fram á mestu annríkisdögum þingsins. Ekki náðist samkomulag í n. um að senda nokkrum aðilum frv. til umsagnar. Málið varðar þó hvert einasta bæjar- og sveitarfélag í landinu, og hefði því verið full þörf á, að n. fengi einhverja vitneskju um álit þessara aðila á frv. og reyndar einnig fræðsluráða, skólastjóra og skólanefnda.

Samkomulag náðist ekki innan n. um afgreiðslu málsins, þar sem meiri hl. n. gat ekki fallið á neinar þær breytingar á frv., sem minni hl. óskaði eftir. Af þessum ástæðum flytur minni hl. n. nokkrar breytingartillögur við frv. á sérstöku þingskjali, og mun afstaða hans til afgreiðslu málsins fara eftir því, hvort þessar brtt. ná samþykki deildarinnar eða ekki.

Alþingi, 14. apríl 1967.

Sigurvin Einarsson,
frsm.

Ingvar Gíslason.

Einar Olgeirsson,
með fyrirvara.